

Föstudaginn 9. febrúar 1996.

Nr. 57/1996.

Jón Kristján Ólafsson

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Fjárnám að hluta fellt úr gildi. Fyrning. Ábyrgð. Sam-eignarfélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. febrúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. desember 1995, þar sem staðfest er fjárnám hjá sóknaraðila, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði 17. febrúar 1995 samkvæmt beiðni varnaraðila fyrir kröfu, að fjárhæð 3.991.169 krónur. Var fjárnámið gert í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Fjarðarási 11 í Reykjavík og bifreiðinni IY 641. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og meðferð málsins í héraði allt frá 6. desember 1994. Til vara er þess krafist, að fyrrgreint fjárnám verði ógilt, en til þrautavara, að því verði breytt þannig, að það nái einungis til mun lægri fjárhæðar. Í öllum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Engin efni eru til að fallast á kröfu sóknaraðila um ómerkingu hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hin kærða úrskurðar verður hafnað kröfu sóknaraðila um ógildingu fjárnámsins í heild.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, er krafa varnaraðila vegna opinberra gjalda Barmahlíðar sf., en hann leitar fullnustu á kröfunni hjá sóknaraðila í skjóli ábyrgðar hans sem eins af félags-

mönnum. Hinn 10. desember 1985 var gert lögtak hjá félaginu fyrir opinberum gjöldum, á lögðum 1984 og 1985. Gerðinni var beint að Barmahlíð sf., og rauf hún þannig fyrningu kröfunnar gagnvart félaginu. Með því var fyrning hins vegar ekki rofin gagnvart sóknaraðila sem ábyrgðarmanni fyrir skuldinni. Hafa ekki verið leidd í ljós önnur atvik, sem hefðu getað slitið fyrningu kröfunnar, hvað sóknaraðila varðar. Í því sambandi er þess að gæta, að innborganir til varnaraðila árið 1992, sem vikið er að í hinum kærða úrskurði, voru inn á gjaldaskuld Barmahlíðar sf., auk þess að ekki verður séð af gögnum málsins, að sóknaraðili hafi innt þær greiðslur af hendi.

Samkvæmt þessu var ábyrgð sóknaraðila á kröfu varnaraðila fyrir opinberum gjöldum, sem lögð voru á Barmahlíð sf. árin 1984 og 1985, fallin niður fyrir fyrningu, þegar fjárnám var gert hjá sóknaraðila 17. febrúar 1995. Verður því tekin til greina þrautavarakrafa sóknaraðila og fjárnámið fellt úr gildi að því leyti. Fjárnámið skal hins vegar standa óhaggað fyrir opinberum gjöldum umrædds félags, á lögðum 1993 og 1994. Er krafa um þau samtals að fjárhæð 13.492 krónur, og nær fjárnámið að auki til dráttarvaxta af þeirri fjárhæð og kostnaðar af gerðinni, sem svarar til þeirrar kröfufjárhæðar.

Varnaraðili verður dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar er höfð hliðsjón af því, að með dómi Hæstaréttar 28. mars 1995 í málinu nr. 94/1995, sem varnaraðili átti aðild að, var leyst úr sama lagaatriði og ræður framangreindri niðurstöðu um þrautavarakröfu sóknaraðila.

D ó m s o r ð:

Fjárnámi, sem var gert 17. febrúar 1995 að kröfu varnaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, hjá sóknaraðila, Jóni Kristjáni Ólafssyni, er breytt þannig, að það standi til tryggingar 13.492 krónum, auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð og kostnaðar af gerðinni, sem til þess svarar.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 180.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. desember 1995.**I.**

Sóknaraðili skaut máli þessu til héraðsdóms með bréfi, dags. 9. mars 1995, og kærði fjárnám, er gert var hjá honum 17. febrúar 1995 í eignarhluta hans í Fjarðarási 11, Reykjavík, og í bifreiðinni IY-641. Málið var þingfest 25. mars sl. og úrskurður kveðinn upp 10. maí sl. Með dómi Hæstaréttar, dags. 2. júní sl., var úrskurðurinn felldur úr gildi og öll meðferð málsins í héraði. Var málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar. Málið var tekið til úrskurðar að nýju 21. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Jón Kristján Ólafsson, kt. 211247-4019, Breiðabakka, Holta- og Landhreppi, Rangárvallasýslu.

Varnaraðili er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík, sem fram fór 17. febrúar sl. að kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila, verði úrskurðuð ógild. Til vara er gerð sú krafa, að ofangreind fjárnámsgerð verði felld úr gildi að hluta til og fjárnám einungis heimilað fyrir gjöldum, að höfuðstól 7.385 kr., vegna gjaldársins 1993, og 6.107 kr. vegna gjaldársins 1994. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að fjárnámsgerðin verði staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

II.

Með aðfararbeiðni, dags. 24. nóvember 1994, krafðist varnaraðili fjárnáms hjá sóknaraðila, Jóni Kristjáni Ólafssyni, Fjarðarási 11, Reykjavík, til lúkningar vangoldnum opinberum gjöldum v/Barmahlíðar sf., en sóknaraðili var annar tveggja sameigenda þess fyrirtækis.

Krafan var í gerðarbeiðni sundurliðuð svo:

Höfuðstóll	kr.	679.993
Dráttarvextir til 31. 10. 1994	–	3.306.456
Kostnaður (eldri)	–	1.720
Kostn. v/áritunar héraðsdóms	–	3.000
	Samtals	kr. 3.991.169
Kostnaður v/aðfararbeiðni	–	10.000
	Samtals	kr. 4.001.169

Höfuðstóll kröfunnar var samkvæmt meðfylgjandi gjaldseðli þannig til kominn:

Álagning 1984	kr	282.591
Álagning 1985	–	383.910
Álagning 1993	–	7.385
Álagning 1994	–	6.107
Samtals		kr. 679.993

Varnaraðili beindi aðfararbeiðninni til Héraðsdóms Reykjavíkur til áritunar á grundvelli 4. tl. 11. gr. laga nr. 90/1991. Dómarafulltrúi, sem með málið fór, óskaði frekari skýringa á aðfararbeiðni þessari, og gaf varnaraðili þær með bréfi, dags. 6. desember 1994. Þar kom fram, að gert hafði verið fjárnám 10. desember 1985 í Fjarðarási 11, þinglýstri eign sóknaraðila og Guðlaugar Steingrímsdóttur, fyrir opinberum gjöldum Barmahlíðar sf. vegna gjaldáranna 1984 og 1985 með áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum og kostnaði. Á grundvelli þessa lögtaks hafi verið beðið um uppboð á eigninni, sem lauk án árangurs 29. september 1994.

Að fengnum þessum upplýsingum áritaði dómarafulltrúi beiðnina 10. janúar 1995 um, að aðför mætti gera samkvæmt henni.

Hinn 17. febrúar 1995 var gert fjárnám á skrifstofu sýslumannsins í Reykjavík hjá sóknaraðila á grundvelli umræddrar aðfararbeiðni. Af hálfu gerðarþola var enginn viðstaddur. Af hálfu varnaraðila var þar Harri Ormarrson lögfræðingur. Að ábendingu gerðarbeiðanda var gert fjárnám fyrir kröfum varnaraðila í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Fjarðarási 11, Reykjavík, og bifreiðinni IY-641.

III.

Sóknaraðili kveðst í greinargerð sinni miða við, að krafan hafi ekki verið aðfararhæf. Vísar hann til þess, að heimilisvarnarþing sitt sé að Breiðabakka, Rangárvallasýslu. Því hafi ekki verið heimilt að framkvæma gerðina í Reykjavík, nema tilgreint væri, hverju skilyrða 1.-5. tl. 1. mgr. 16. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 væri fullnægt. Varnaraðila hafi borið að sanna með afgerandi hætti, að þar væri ekki heimilisvarnarþing sóknaraðila. Það hafi ekki verið gert. Þá segir sóknaraðili, að kröfur varnaraðila hafi verið tölulega vanreifaðar í aðfararbeiðni og séu enn. Ekki komi fram, frá hvaða tíma vextir séu reiknaðir og hver vaxtafótur sé. Vísar sóknaraðili til 10. gr. aðfararlaga í þessu sambandi.

Sóknaraðili bendir á, að aðfararbeiðnin hafi ekki fallið undir 11. gr. aðfararlaga, sem hafi að geyma tæmandi talningu á því, hvenær aðfararbeiðni skuli send héraðsdómara. Þá hafi ekki verið birt almenn greiðsluáskorun í fjölmiðlum skv. 9. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför.

Sóknaraðili segir, að aðfararbeiðni beri með sér, að aðfarar sé beiðst hjá

Jóni Kr. Ólafssyni vegna Barmahlíðar sf. Af orðalaginu megi ráða, að ekki sé beiðst aðfarar hjá Jóni persónulega, heldur hjá Barmahlíð sf. Áritun dómara hafi því einungis heimilað aðför í eignum félagsins. Verði ekki á þetta fallist, heldur sóknaraðili því fram, að ganga hefði þurft að öllum eigendum félagsins með einni aðfararbeiðni.

Loks fjallar sóknaraðili um, að kröfur varnaraðila skorti aðfararhæfi. Nefnir hann í því sambandi aldur þeirra og að þær styðjist ekki við réttindaskjöl. Þá leiði af meginreglum einkamálaréttarfars, að leggja skuli fram frumgögn, sé þess kostur. Ekki sé nægilegt að leggja fram reikningsyfirlit. Loks vísar sóknaraðili til 15. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993.

Varakröfu reisir sóknaraðili á því, að krafa vegna gjaldáranna 1984 og 1985 sé fyrnd.

Í greinargerð lýsir varnaraðili því, að nauðungarsala á fasteigninni Fjarðarási 11, er fram fór 29. september 1994, hafi orðið árangurslaus. Með þeirri sölu hafi hann leitað lúkningar á opinberum gjöldum Barmahlíðar sf. gjaldárin 1984 og 1985. Með því að ekki hafi tekist að fá greiðslu skuldarinnar, hafi verið leitað fjárnáms hjá sameigendum að félaginu, sóknaraðila og Guðlaugu Steingrímsdóttur. Fjárnám hafi verið gert í eignum sóknaraðila 17. febrúar sl. á grundvelli 5. tl. 66. gr., sbr. 4. tl. 11. gr. laga um aðför. Um leið hafi verið afturkölluð fjárnámsbeiðnin á Guðlaugu Steingrímsdóttur.

Varnaraðili telur, að rök þau, er sóknaraðili tefli fram til stuðnings ómerkingarkröfu, geti ekki leitt til ómerkingar. Þau stafi af misskilningi um efni aðfararlaga og annarra lagaákvæða, er vísað sé til.

Varnaraðili vísar til 4. tl. 1. mgr. 11. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um aðför, einnig 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 12. gr., sbr. 3. mgr. 13. gr., og 14. gr. sömu laga.

Af hálfu varnaraðila kemur fram, að lögmaður sóknaraðila hafi fengið sérstakt leyfi yfirmanns varnaraðila til að greiða inn á skuld sóknaraðila í janúar 1992, þar sem ágreiningur hafi verið um eldri gjöld (1982 og 1983). Hinn 31. janúar hafi verið greiddar 300.000 kr. inn á gjaldárið 1984 og 19. maí s. á. 200.000 kr. vegna gjaldársins 1985. Báðar þessar greiðslur hafi verið án fyrirvara og teljist því viðurkenning á skuld sóknaraðila við varnaraðila, sem hafi verið ófyrnd, þegar hið kærða fjárnám var gert 17. febrúar 1995.

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 90/1989 um aðför skal aðför að jafnaði fara fram í því umdæmi, sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing. Þó er heimilt að

beina aðfararbeiðni til sýslumanns í því umdæmi, sem rökstudd ástæða er til að ætla, að gerðarþoli muni hittast fyrir, sbr. 1. tl. 1. mgr. 16. gr. laganna.

Greiðsluáskorun vegna umræddrar skattskuldar sóknaraðila sem eins eiganda sameignarfélagsins Barmahlíðar sf., Reykjavík, var beint að sóknaraðila á dvalarstað hans að Fjarðarási 11, Reykjavík, og birt þar Guðlaugu Steingrímsdóttur, sem samkvæmt birtingarvottorði upplýsti, að hún væri sambýliskona sóknaraðila. Er því fullnægt skilyrði 1. tl. 1. mgr. 16. gr. til að fara með gerðina í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík, þrátt fyrir það að sóknaraðili hafi verið skráður með lögheimili að Breiðabakka, Hellu.

Sundurliðun á höfuðstól kröfu varnaraðila er skýrlega greind, en áður hafði verið gert lögtak fyrir þessum kröfum og uppboðsmál rekið á hendur sóknaraðila vegna þeirra. Telst nægjanleg grein hafa verið gerð fyrir kröfunni í aðfararbeiðni að þessu leyti. Þá verður gerðin ekki ógilt, þó að krafist sé vaxta að tiltekinni fjárhæð, án þess að vaxtafótur hvert tímabil sé greindur, enda hefur varnaraðili ekki haldið því fram, að vaxtareikningur varnaraðila sé rangur.

Ekki verður á það fallist með sóknaraðila, að aðfararbeiðnin beinist eftir orðum sínum eingöngu að Barmahlíð sf. Þvert á móti er berum orðum krafist fjárnáms hjá sóknaraðila vegna opinberra gjalda, er lögð hafi verið á sameignarfélagið. Með því að sameigendur bera óskipta ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélags, gat varnaraðili leitað fullnustu í eignum sóknaraðila, enda beindist aðfararheimildin að honum.

Í 4. mgr. 11. gr. laga nr. 90/1989 kemur fram, að gerðarbeiðanda sé heimilt að beina aðfararbeiðni til héraðsdómstóls, þótt það sé óskýlt samkvæmt 1.-5. tl. 1. mgr. 11. gr. laganna. Sú málsástæða sóknaraðila, að 11. gr. laga um aðför hafi að geyma tæmandi talningu þeirra tilvika, sem senda skuli aðfararbeiðni héraðsdómi, fær því ekki staðist. Þá verður gerðin ekki ógilt vegna þess, að sóknaraðila hafi ekki verið gefinn kostur á því að gæta réttar síns fyrir héraðsdómi, enda ekki þörf á að tilkynna honum um meðferðina né heldur er þörf nærveru hans, sbr. 14. gr. laga um aðför, en undantekningartilfelli þau, sem þar er getið, eiga hér ekki við. Þá var ekki nauðsyn á að birta almenna greiðsluáskorun í dagblöðum fyrir kröfu varnaraðila, eins og hér stóð á, enda hafði skilyrði aðfarar verið metið við lögtak, sem gert var fyrir kröfunni árið 1985, og mátti sóknaraðila því vera kunnugt um hana.

Lögtak var gert 10. desember 1985 til lúkningar gjöldum árána 1984 og 1985 í Fjarðarási 11, en sóknaraðili var þá og er enn þinglýstur eigandi eignarinnar ásamt sambýliskonu sinni. Fullnustu þeirrar kröfu lauk með nauðungarsölu 29. september 1994, sem varð árangurslaus fyrir varnar-

aðila, eins og áður greinir. Með lögtaksgerðinni var slitið fyrningu gagnvart sameignarfélaginu og félagsmönnum þess, sbr. 12. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 90. gr. laga nr. 90/1991. Þá greiddi sóknaraðili inn á kröfuna í janúar 1992 og maí s. á. samtals 500.000 kr. Er því ekki fallist á með sóknaraðila, að krafan hafi verið fyrnd, er umdeilt fjárnám var gert.

Í endurriti úr gerðabók segir, að skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/1987 sé fullnægt, til að gerðin geti farið fram án nærveru gerðarþola. Í því felst fullyrðing um, að sóknaraðila hafi sannanlega verið send tilkynning um aðförina að hætti 21. gr. laganna. Verður að miða við, að svo hafi verið gert, enda ber sýslumanni að gæta þess af sjálfsdáðum, að gerðin brjóti ekki gegn rétti sóknaraðila að þessu leyti.

Þar sem ekki teljast neinir þeir annmarkar á gerðinni, að varði ógildingu hennar, ber að staðfesta hana.

Sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem ákveðst 60.000 kr.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan, en hann hefur farið með málið frá 1. september sl.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er fjárnámsgerð, er fram fór hjá sýslumanninum í Reykjavík 17. febrúar sl. að kröfu varnaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, á hendur sóknaraðila, Jóni Kristjáni Ólafssyni.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, 60.000 kr. í málskostnað.
